

Sauðárkróki 15. febrúar 2024.

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (stærðarviðmið virkjana) – 26. mál.

Hér á eftir fer umsögn Samtaka náttúrustofa (SNS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (stærðarviðmið virkjana).

Samtök náttúrustofa (SNS) styðja umrædda breytingartillögu og telja hana löngu tímabæra. Stærð virkjana í MW er ekki alltaf í beinu samhengi við umhverfisáhrif þeirra og því eðlilegt að hugað sé að umhverfisáhrifum þeirra áður en leyfi til þeirra er veitt. Í skýrslu frá 2013 um „Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra“ sem unnin var af nefnd um lagalega stöðu villtra fugla og spendýra var Múlavirkjun (3,1 MW) tekin sem dæmi um virkjun sem hafði umfangsmikil umhverfisáhrif þrátt fyrir að vera langt innan við 10 MW mörkin. Umrædd umfjöllun er í 8. rammagrein í skýrslunni á bls. 120-121 sbr. https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/04/2013_Vernd-velferd-og-veidar-LOKA-8-mai-2013.pdf.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa,



Starri Heiðmarsson
formaður SNS og
forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra